

Málning hf.  
Gísli Guðmundsson  
Dalvegi 18  
201 Kópavogi

Reykjavík 6. maí 2019  
UST201901-194/gf  
08.09.02

**Varðar vettvangsheimsókn til Málningar hf. í Kópavogi þann 4. apríl 2019.**

Þann 4. apríl sl. fór fram eftirlit í málningarverksmiðju Málningar hf. í Kópavogi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en ábending var gerð um að herða á skráningum til samræmis við kröfur í starfsleyfi (sjá meðfylgjandi).

Virðingarfyllst,



Gottskálk Friðgeirsson



Halla Einarsdóttir  
teymisstjóri

**Afrít:** Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Málning hf. Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	4.4.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Málning hf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Dalvegi 18	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4502694849	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gísli Guðmundsson	ÍSAT nr.	20.30.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	360217,744 403405,653

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin ný frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust en fyrir lá í eftirlitinu að skoða frágang við geymslu olíuefna á 1000 lítra kútum bakatil á lóð rekstraraðila. Enn er unnið við byggingu lagerhúsnæðis sem er viðbygging aftan við verksmiðju Málningar hf. og fullnaðarfrágangi ekki lokið. Nokkuð rask hefur hlotist af framkvæmdunum og stendur til að endurnýja girðingu og ljúka gerð steinsteypta kantsins (lekavarnar) sem er um útigeymslur rekstraraðila.

Ábending var gerð um að herða á skráningum til samræmis við kröfur í starfsleyfi ellegar að sækja um breytingu á starfsleyfi til þess að draga úr skráningum.

## UMFANG EFTIRLITS

Á fundinn voru mættir Gísli Guðmundsson, fulltrúi rekstraraðila, Tore Skjenstad frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogs og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Dagskrá:

1. Fundur
  - a. Útafstandandi frá fyrrí árum
  - b. Tíðni eftirlits og áhættumat
  - c. Farið yfir kröfur í starfsleyfi
2. Skoðun á fyrirtækinu
  - a. Frárennsli, skólp og ofanvatn – hreinsivirkir
  - b. Útblástur frá vinnurýmum – hreinsivirkir – sýnatökustaðir
  - c. Efnageymslur og spilliefnageymslur utanhlúss og framkvæmdir
  - d. Lóð, girðingar og önnur mannvirki- skiljur og setþrær (fellitankar)
  - e. Efnageymslur og flokkun úrgangs innanhúss

1. a. Byrjað var á að fara yfir eldri frávik og úrbætur. Undanfarin ár hafa verið gerðar athugasemdir við að ekki eru lekavarnir við efnageymslur (geymslu olíuefna og ammoníaks) í porti á á baklóð verksmiðjunnar. Frávik var skráð á þetta í eftirliti ársins 2016 og aftur árið 2018. Settur hefur verið upp kantur sem hindrar leka í niðurföll. Rask á baklóðinni vegna smíði viðbyggingar fyrir efnalager veldur því að þróngt er á svæðinu. Framkvæmdum á að ljúka í vor og þá er tilvalið að laga til á svæðinu, gera við girðingar í portinu og fram lengja lekavarnir á baklóðinni.

Árið 2017 var skráð frávik vegna skráninga við kvörðun og prófanir á mælitækjum og eins skráningar á hitastigi í geymslum fyrir leysiefni. Þessum frávikum hefur verið lokað en herða má á skráningum á hitastigi í leysiefnageymslum til þess að uppfylla kröfur starfsleyfisins.

Annað er ekki útafstandandi vegna fyrrí ára.

1. b. Vegna nýrrar reglugerðar um eftirlit með atvinnurekstri nr. 550/2018, var farið yfir drög að áhættumati sem gert hefur verið fyrir starfsemi Málningar hf. og skyldra fyrirtækja. Aðferðarfræðin var útskýrð og hvernig einkunnargjöf úr áhættumatinu mun ákveða tíðni eftirlits, þ.e. á bilinu árlegt eftirlit og allt upp í eftirlit á þriggja ára fresti.

1. c. Farið yfir kröfur í starfsleyfi og stöðu rekstraraðila gagnvart þeim. Tvær áætlanir skulu liggja fyrir, þ.e. áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eða lokunar fyrirtækisins og viðbragðsáætlun byggð á mati á áhættu. Uppfæra þarf áætlanirnar og dagsetja þær. Farið var fram á að afrit yrði sent á [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).

Krafa er um að mæling á ryki sé gerð á fjögurra ára fresti. Síðasta mæling var gerð árið 2017. Eins skal gera hljóðmælingu (hávaði) fyrir árið 2025.

Ýmissa skráninga er krafist í rekstrarhandbók. Farið var yfir kröfur um skráningar á fundinum og þær síðan skoðaðar síðar í skoðunarferð um fyrirtækið. Sumar skráningar eru gögn (kvittanir) þjónustuaðila s.s. vegna tæminga á olíugildrum og setþróa (fellitank), förgun úrgangs og spilliefna og innkaupa á efnum sem innihalda lífræn klórefnasambönd. Herða má á skráningum og úrvinnslu þeirra í rekstrarhandbók umhverfismála.

Farið var yfir tilkynningaskyldu rekstraraðila og útköll vegna mengunaróhappa og minnt á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is) fyrir

tilkynningar til Umhverfisstofnunar.

Rekstraraðili færir grænt bókhald og á síðustu árum í rauntölum þar sem þeir eru einu framleiðendur málningar á Íslandi.

Afhentur var bæklingur Umhverfisstofnunar um umhverfismarkmið og það gagn sem hafa má af mælanlegum markmiðum í umhverfismálum.

Engar kvartanir hafa borist vegna starfsemi rekstaraðila frá síðasta eftirliti og engar alvarlegar bilanir hafa orðið á búnaði.

2. Gengið var um lagera bæði innandyra og utan. Myndir teknar og rætt um tiltekt á útisvæði nú fljótegla þegar verktakar ljúka störfum við byggingu lagerhúsnæðis. Hluti útilagers gæti færst inn í lagerhúsnæði þótt hráefnageymar og mannvirki í jörðu sem þjóna þeim verði áfram í portinu.

Gengið var um svæðið og skoðuð niðurföll, bæði vegna ofanvatns og eins niðurföll sem tengjast hreinsikerfum rekstraraðila s.s. vegna áfyllingarplana. Niðurföll þessi tengjast holræsakerfi Kópavogsþejar.

Úrgangsflokkun fer fram í porti bakatil á lóðinni. Úrgangsflokkar í grænu bókhaldi eru: blandaður úrgangur, grófur úrgangur, timbur, bylgjupappi og málmar. Eins eru úrgangsflokkar sem tengjast máningaráframleiðslunni s.s.: máningaráfgangar (vatnspynntir og leysiefnaþynntir) og spilliefni og skolvökvar.

Framkvæmdir við lagfæringerar á girðingu í porti og lekavörn þurfa að fara fram í vor þegar rýmkar til í portinu.

## ÁBENDINGAR

Ábending var gerð um að herða á skráningum til samræmis við kröfur í starfsleyfi ellegar að sækja um breytingu á starfsleyfi til þess að draga úr skráningum.

## ANNAÐ

Bæklingur Umhverfisstofnunar um umhverfismarkmið var afhentur í eftirlitinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.05.2019

  
Gottskálk Friðgeirsson